

5. mál Tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks um fjarnám á grunnskólastigi

Marta Guðjónsdóttir: Forseti, góða borgarstjórn. Ég ætla að flytja hér tillögu um rafræna menntun en það hefur verið full þörf á því að við þróum okkar skólakerfi í enn meiri átt að sveigjanleika og fjölbreytni. Og miðar þessi tillaga að því. Tillagan hljóðar svo:

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að hafið verði áttak í því að efla fjarnám á grunnskólastigi með það m.a. að markmiði að auka val í efstu bekkjum grunnskólans og sveigjanleika í námi.

Greinargerð fylgir tillögunni og hljóðar hún þannig:

Rafrænt nám hefur fest sig í sessi á framhalds- og háskólastigi og því eðlileg þróun að boðið verði upp á slíkt nám í auknu mæli á grunnskólastigi. Nám af þessum tog undirbýr nemendur enn betur fyrir þær kröfur sem gerðar eru í framhaldsskóla um að nýta tæknina á fjölbreyttan hátt. Kostir fjarnáms á grunnskólastigi felast einkum í því að hægt er að bjóða upp á fleiri valmöguleika í námi og nýta betur þann góða mannauð sem er í skólum borgarinnar. Síðast en ekki síst eru kostirnir ótvíræðir fyrir fatlaða nemendur og langveika þar sem fjarnám býður upp á meiri sveigjanleika en hefðbundið nám. Tungumálaver Laugalækjarskóla hefur boðið upp á fjarnám í tungumálum og því tilvalið að þar verði miðstöð fjarkennslu í borginni, þar sem dýrmæt þekking og reynsla hefur skapast í tungumálaverinu á þeim tíma sem það hefur starfað.

Forseti: Borgarfulltrúi Marta Guðjónsdóttir hefur lokið við að gera grein fyrir tillögu sem að þarf að samþykkja sérstaklega. Þeir sem samþykkja að taka tillöguna á dagskrá gefi merki. Það er samþykkt með 13 atkvæðum. Enginn á móti. Það er samþykkt að taka tillöguna á dagskrá og til máls tekur borgarfulltrúi Oddný Sturludóttir.

5. mál Tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks um fjarnám á grunnskólastigi

Oddný Sturludóttir: Forseti, ágæta borgarstjórn. Hér liggur fyrir tillaga sem barst nú okkur öðrum borgarfulltrúum ekki fyrr en örskömmu áður en hún var flutt hér á fundinum, sem kannski takmarkar umræðuna töluvert. En svo að það sé sagt, þá er efling fjarnáms á grunnskólastigi hið allra, allra besta mál. Þetta er nú eðlilegast af öllu að þessari tillögu yrði einfaldlega vísað inn í menntaráð ekki síst í ljósi þess sem að var rætt hérna áðan – allavega til sviðsstjóra menntasviðs eða fræðslustjóra. Því það liggur nú ekki alveg fyrir hvort að hér sé um einhvern kostnað að ræða og það væri náttúrulega ágæt því að við fengum ekki mikinn tíma til þess að undirbúa okkur hér fyrir þess umræðu.

Að vita hvað embættismönnunum, fagfólkinu okkar finnst um þetta og hvar í rauninni þessi mál eru stödd í dag. En auðvitað fer fram heilmikið nám – rafrænt nám í grunnskólum borgarinnar. Það eru auðvitað mikil tækifæri framundan í eflingu valgreina eða með nýjum lögum og aðalnámsskráin og viðmiðunarstundaskráin og allar þær breytingar sem fyrir dyrum standa og ekki síst hægt að horfa til þess að grunnskólinn og framhaldsskólinn geti starfað betur saman að þessu. En eins og ég segi þætti mér mjög gott, áður en að slík tillaga er samþykkt, að það sé allavega hægt að undirbúa umræðuna aðeins betur og taka hana með því fagfólki sem að við treystum best á í þessum fræðslumálum og þætti því eðlilegast að þessu yrði vísað inn í menntaráð.

Forseti: Borgarfulltrúi Oddný Sturludóttir hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir.

5. mál Tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks um fjarnám á grunnskólastigi

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég vil þakka borgarfulltrúa Mörtu Guðjónsdóttur fyrir þessa tillögu sem að ég held að sé góð og taka undir með borgarfulltrúa Oddnýju Sturludóttur um að þessu verði vísað inn í menntaráð, enda stóð það til allan tímann. Þessi fjarnámshugsun er held ég eitthvað sem við þurfum að vinna mjög mikið í á næstu misserum og skoða vel hvernig nýtist þessum unglingum okkar á efra stigi grunnskóla, en það verður ekki frá því vikist að nefna það að það sé ægilegt á að horfa að það sé verið að skera niður tækifæri þessara sömu grunnskólanema til þess að nema nám í framhaldskólanum þar sem þetta er þó komið mjög vel á legg og fjarnámskennsla komin á þróaðra stig en í grunnskólanum. Og ég vil bara koma því áleiðis hér, að ég harma þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að taka þetta út sem hagræðingaraðgerð því að þetta gerist strax að sveitarfélögin fara að bæta í til þess að auka val fyrir nemendurna og kostnaðurinn færist einungis til á milli ríkis til sveitarfélaga. En þetta verður spennandi verkefni og ég hlakka til að fylgjast með því inn í nýtt kjörtímabil.

Forseti: Borgarfulltrúi Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Kjartan Magnússon.

5. mál Tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks um fjarnám á grunnskólastigi

Kjartan Magnússon: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég vil taka undir þakkir sem hér hafa komið fram til Mörtu Guðjónsdóttur borgarfulltrúa um að flytja þessa góðu tillögu hér í borgarstjórn. Það eru mikil tækifæri fólgin í eflingu fjarnáms á grunnskólastigi. Við höfum séð að slíkt fjarnám hefur heppnast vel á öðrum skólastigum, líka erlendis, þannig að fyrirmyndirnar eru nægar. Og ég held að það sé alveg ótvírætt að það felist mikið tækifæri í því fyrir okkur að bæta menntun á grunnskólastigi með slíku rafrænu námi. Og af því að hér var vikið að því að sparnaðaraðgerðir ríkisstjórnarinnar sem hafa komið niður á slíku námi á framhaldsskólastigi, þá sér maður að þetta gæti kannski ekki komið í staðinn fyrir slíkt en að minnsta kosti bætt skaðann að einhverju leyti sem verður með slíkum sparnaðaraðgerðum. Mér finnst fínt að við ræðum þetta hér í borgarstjórn og tel rétt að henni verði vísað til menntaráðs, eins og hér hefur verið lagt til, þar sem hún verður tekin til frekari meðferðar.

Forseti: Borgarfulltrúi Kjartan Magnússon hefur lokið máli sínu. Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs um þetta mál. Það kemur í ljós að borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir hafði kvatt sér hljóðs. Og nú tekur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir til máls.

5. mál Tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks um fjarnám á grunnskólastigi

Sóley Tómasdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég ætla nú ekki að tala mikið, en ég ætla að taka undir orð borgarfulltrúa Oddnýjar Sturludóttur um að eðlilegast væri að tillaga sem kemur inn með svo skjótum hætti hér á fund fái umfjöllun í menntaráði. Ég verð nú líka að endurtaka gamla tuggu sem ég hef farið með ansi oft hér, að mér finnst óeðlilegt að við notum afbrigði til þess að setja tillögur á dagskrá hér, nema aðstæður kalli á. Og ég get eiginlega ekki séð þó svo að ég hafi samþykkt það að þetta yrði sett á dagskrá eða tekið á dagskrá, að þá get ég ekki séð að neinar aðstæður hafi kallað á það að þetta komi hingað inn með svo skömmum fyrirvara. Og ég vil bara brýna borgarfulltrúa á því að virða fundarsköp hér og leggja tillögur fram innan tilskilins frests. Þetta eru ekki góðir stjórnsýsluhættir að fara fram með þessum hætti. En tillagan er góð og efnislega held ég bara að þetta sé hið besta mál, en mæli með því að þetta fari inn í menntaráð til frekari umfjöllunar og svo getum við rætt þetta aftur hér að því loknu.

Forseti: Borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir hefur lokið máli sínu. Forseti vill taka fram að fundarsköp í þessu máli voru virt fullkomlega, en auðvitað má alltaf um það deila hvort og hvenær eigi að taka tillögur inn á dagskrá með afbrigðum – undir það skal tekið. Þeir sem samþykkja að vísa þessari tillögu til menntaráðs gefi merki. Það er samþykkt samhljóða.

Það er tekinn fyrir 5. liður á dagskránni sem er; fundargerð borgarráðs frá 6. maí, þar kemur 9. liður, það er að segja samningar við sjálfstætt starfandi leikskóla til atkvæðagreiðslu. Það hefur enginn kvatt sér hljóðs. [Forseti hringir bjöllu] Má ég biðja borgarfulltrúa um að biðja þá sem ekki eru enn komnir í sal um að mæta þegar í stað í sal – það er að fara fram hér atkvæðagreiðsla. Það er orðið bara þokkalega vel mætt núna í fundarsal borgarstjórnar og alveg hæft að fari fram atkvæðagreiðsla. Þeir sem að samþykkja þennan lið 9. liður sem eru samningar við sjálfstætt starfandi leikskóla gefi merki. Það eru 12 atkvæði sem eru með. Það eru tveir borgarfulltrúar á móti. Samningurinn er samþykktur með 12 atkvæðum og 2 á móti. [Frammícall] Óskað eftir að gera bókun og alveg sjálfsagt að verða við þeim óskum. Það er sem sagt orðið við þeim.

Þá tókum við fyrir 6. lið á dagskránni sem er fundargerð forsætisnefndar frá 14. maí, fundargerð framkvæmda- og eignaráðs frá 10. maí, fundargerð íþrótt- og tómstundaráðs frá 30. apríl, fundargerð leikskólaráðs frá 5. maí, fundargerðir mannréttindaráðs frá 6. og 10. maí, fundargerð menningar- og ferðamálaráðs frá 10. maí, fundargerð menntaráðs frá 12. maí og fundargerðir skipulagsráðs frá 5. og 12. maí. Það hefur enginn kvatt sér hljóðs vegna þessa liðar, en það á eftir að skila inn bókunum og við skulum fá þær bókanir inn hér til fundarritara áður en forseti slítur fundi. Voru það borgarfulltrúar Vinstri grænna sem óskuðu þess að bóka? Já. Síðan eiga borgarfulltrúar Vinstri grænna og Samfylkingar eftir að skila inn bókun vegna ársreiknings og líka B og D-listi. Þannig að forseti leggur áherslu á það að borgarfulltrúar skili sem fyrst inn þessum bókunum sem að þeir hafa haft töluvert ágætan tíma til að undirbúa. Til máls tekur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir.

[Sjá neðan við 1. mál]